

Umhverfisstofnun  
Áb. 10A  
**23 MARS 2004**  
54.6  
Tilv. UST20040300092



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Sundlandsvæðil 24  
15 - 100 Reykjavík, Ísland

Þráttarhlíð 391 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

21. mars 2004

Tilvísun: UST20040300092/6á

### Stífla við Hraunsfjarðarvatn, Eyja- og Miklaholtshreppi. Matsskylda.

Umhverfisstofnun hefur borist erindi Skipulagsstofnunar, dags. 11. mars sl., þar sem óskað er álits stofnunarinnar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda framkvæmd og matsskyldu hennar.

### Framkvæmd

Reisa á stíflu við útfall Hraunsfjarðarvatns í tengslum við virkjun í Straumfjarðará. Með stíflunni á að jafna rennsli úr Hraunsfjarðarvatni yfir í Baulárvallavatn sem mun minnka vatnsborðssveiflur vegna virkjunar í Straumfjarðará, minnka áhrif á lífríki Baulárvallavatns og bæta rekstrarskilyrði virkjunar í Straumfjarðará.

Fyrirhugaður stíflugarður verður í steypu að 2/3 hlutum (350 m<sup>3</sup>) og grjóti að 1/3 hluta (100 m<sup>3</sup>). Lengd stíflunnar er u.þ.b. sextíu metrar og meðalhæð hennar verður fjórir metrar. Ekki er gert ráð fyrir því að vegur verði lagður að stíflu. Efni verður annað hvort flutt yfir Baulárvallavatn á ís eða pramma og svo meðfram Vatnaá að stíflustæði. Efni verður flutt á traktorum með tvöföldum dekkjum og vögnum sem eru á flotdekkjum við þær aðstæður þegar minnst hætta er á raski. Vegna rúms framkvæmdatíma er hægt að stíla efnisflutninga og framkvæmdir inn á þurrkatíð eða frostakafla þar sem bakkar og melar eru auðveldir yfirferðar. Grjót verður tekið úr stíflustæði eftir því sem það fellur til. Að sögn framkvæmdaraðila er ekki þörf á haugsvæði. Uppgröftur verður notaður í kjarna stíflunnar og jarðvegur til frágangs í kringum stíflu. Vegna lítils umfangs framkvæmdarinnar er ekki gert ráð fyrir starfsmannaáðstöðu eða salernisaðstöðu annarri en færanlegum kaffiskúr. Að mati framkvæmdaraðila er ekki þörf á aðstöðu fyrir tæki í svo litlu verki.

### Umhverfi

#### *Svæði á náttúruminjaskrá*

Umrætt svæði er á náttúruminjaskrá, Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn (nr. 227). Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:

*Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn, Stykkishólmi (áður Helgafellssveit). (1) Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og sögumínum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Lífaúðugar fjörur, veiðivötn. Kjörið útivistarsvæði.*

Skráin er stefnuyfirlýsing stjórnvalda um það hvaða svæði ætti að vernda eða hlífa við raski vegna sérstöðu þeirra eða verndargildis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og tilkynna um framkvæmdir sem raskað gætu verndargildi svæða á náttúruminjaskrá, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### *Gróðurfar*

Samkvæmt gróður- og jarðakorti sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) gaf út árið 1988 einkennist gróðurfar í kringum bakka Hraunsfjarðarvatns að mestu af mosapembu, graslendi og kvistlendi og er gróðurhula gróinna svæða meiri en 2/3. Samkvæmt kortum RALA er einungis að finna votlendi við Seljadal. Bakkar Hraunsfjarðarvatns eru háir og að mestu ógrónir. Eyrar, þar sem hækkunar á vatnsborði mun helst gæta, eru á fjórum stöðum í kringum vatnið og eru tvær þeirra vel grónar graslendi. Engar upplýsingar koma fram í tilkynningu framkvæmdaraðila um tegundasamsetningu, sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista.

### *Dýralíf*

Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur tók saman upplýsingar um fuglalíf á svæðinu fyrir framkvæmdaraðila. Í skýrslu hans kemur fram að tegundaaúðgi sé nokkur á svæðinu. Tuttugu og fimm fuglategundir eru þekktar við vatnið og í nágrenni þess, þar af eru sex tegundir á Valista Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e. himbrimi, grágæs, haförn, fálki, svartbakur og hrafn.

Veiðimálastofnun gerði úttekt á fiskistofnum Hraunsfjarðarvatns. Rannsóknir stofnunarinnar benda til að í vatninu sé ein tegund urriða en að stofnstærð sé lítil og vaxtarskilyrði slök.

## **Umhverfisáhrif**

Áhrif af völdum þessarar framkvæmdar eru af tvennum toga: Á framkvæmdatíma mun óhjákvæmilega verða talsvert jarðrask og á rekstrartíma mun hækkuð vatnsstaða orsaka skerðingu á gróðurlendum og búsvæðum fugla og hafa neikvæð áhrif á vatnalíf Hraunsfjarðarvatns og útivistar- og verndargildi svæðis á náttúruminjaskrá.

### *Svæði á náttúruminjaskrá*

Með skráningu svæðisins á náttúruminjaskrá er leitast við að vernda ákveðna landslagsheild. Svæðið er víðfeðmt og tekur til landsvæðis frá fjalli til fjöru þar sem hinar ýmsu landslagsgerðir, fjörur, hraun og gígar, heiðar og vötn, mynda eina heild. Með tilkomu vegar yfir Vatnaheiði hefur aðgengi að þessu svæði verið gert auðveldara, en jafnframt haft áhrif á verndargildi þess sem óskerts víðernis og landslagsheildar. Að mati Umhverfisstofnunar eru framkvæmdir við vötnin til þess fallin að skerða útivistar og verndargildi þessar svæðis enn

frekar. Allar framkvæmdir og starfsemi innan svæðisins munu breyta hinu óskerta yfirbragði þess.

Telji framkvæmdaraðili hins vegar ekki hjá því komist að ráðast í þessa framkvæmd er það afar mikilvægt að mati stofnunarinnar að varanlegum ummerkjum af framkvæmdinni verði haldið í lágmarki. Með því að flytja efni yfir Baulárvallavatn og þaðan meðfram bökkum Vatnaár að stíflustæði er varanlegt rask á landslaginu lágmarkað. Þó verður um all umfangsmikla flutninga á efni að ræða og telur stofnunin að vandasamt verði að komast hjá talsverðu jarðvegsraski meðfram Vatnaá að stíflustæði. Hægara ætti að vera að lágmarka rask við stíflustæðið sjálft þar sem ummerki geta að mestu einskorðast við svæði sem lenda undir vatnsborði að framkvæmdum loknum.

#### *Fuglalíf*

Umhverfistofnun tekur undir umfjöllun fuglafræðings í tilkynningu framkvæmdaraðila. Í framkvæmdarlýsingu kemur fram að framkvæmdir muni fara fram utan varptíma og vatnsborðssveiflur verði litlar á tímabilinu maí til júlí. Stofnunin telur því að ekki verði um umtalsverð áhrif á fuglalíf að ræða vegna framkvæmdarinnar.

#### *Vatnalíf*

Í skýrslu Veidimálastofnunar kemur fram að rof á strandsvæðum muni leiða til aukins fæðuframboðs fyrst um sinn, meðan áhrifa útskolunar gætir, en langtímaáhrif verði þau að framleiðsla botndýra muni minnka og fæðuframboð fyrir urriða verði minna í heildina en áður. Taka mun fyrir hrygningu urriðans í Vatnaá og hrygningarsvæði hans í innrennislækjum við Seljadal munu skerðast. Nýliðun mun því minnka.

Af ofangreindu er ljóst að hætta er á að urriðastofn Hraunsfjarðarvatns geti orðið fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun tekur undir mat Veidimálastofnunar um að stöðuvötn þar sem urriði er eina laxfiskategundin hafi ákveðið verndargildi. Því er að mati stofnunarinnar afar mikilvægt að fylgst verði með viðgangi stofnsins eftir framkvæmdir og að gripið verði til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í skýrslu Veidimálastofnunar gangi spár hennar um neikvæð áhrif eftir.

#### *Gróðurfar*

Samkvæmt gróður- og jarðakorti sem gefið var út árið 1988 af Rannsóknastofnun landbúnaðarins er votlendissvæðið við Seljadal stærra en þrír hektarar og nýtur það því sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umrætt mýrarsvæði mun verða fyrir skerðingu af völdum framkvæmdanna. Engar upplýsingar er hins vegar að finna í tilkynningu framkvæmdaraðila um tegundasamsetningu, sjaldgæfar tegundir eða tegundir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands, hvorki innan þessa votlendissvæðis né annarra gróðursvæða sem skerðast munu við framkvæmdirnar. Í skýrslu framkvæmdaraðila kemur hins vegar fram að við hæstu mögulegu vatnsstöðu munu 5,75 hektara af gróðurlendi og 17,2 hektarar af ógrónum skriðum fara undir vatn, sem er talsvert umfang að mati Umhverfisstofnunar. Gera má ráð fyrir að auk þessa flatar muni stærri svæði verða fyrir áhrifum vegna aukins rofs í kjölfar hækkunar á vatnsstöðu. Jafnframt mun verða rask á gróðri á um 500 metra kafla meðfram Vatnaá, en með réttum tækjabúnaði, góðri umgengni og vönduðum frágangi má líta á þau áhrif sem tímabundin og afturkræf.

Stofnunin hefur ekki upplýsingar til að meta áhrif á sjaldgæfar tegundir eða tegundir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

## Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar munu framkvæmdir rýra náttúruverndar- og útivistargildi svæðisins verulega þar sem ummerki um framkvæmdir munu breyta yfirbragði þess sem náttúrulegs og óskerts svæðis. Sé vandað til verka við flutninga á efni, umgengi og frágang má minnka þessi áhrif. Telur stofnunin afar mikilvægt að það verði haft að markmiði að skilja við svæðis sem næst núverandi mynd eftir framkvæmdir. Æskir stofnunin þess að haft verði samráð við fulltrúa hennar um leiðaval og verkútfærslu og að frágangur verði gerður í samráði við stofnunina.

Stofnunin telur að framkvæmdin muni ekki valda umtalsverðum áhrifum á fuglalíf enda fari hún fram utan varptíma og vatnsborðssveiflur verði litlar á tímabilinu má til júlí.

Stofnunin telur að í ljósi verndargildis urriðastofnsins í Hraunsfjarðarvatni sé hætt á að stofninn verði fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum. Því telur stofnunin að vakta verði áhrif á vatnalíf í samráði við Veiðimálastofnun og grípa til mótvægisáðgerða gerist þess þörf.

Stofnunin bendir á að tæpir 6 hektarar gróðurlendis munu fara undir vatn við hækkaða sjávarstöðu og auk þess er líklegt að aukins rofs muni gæta meðfram bökkum vatnsins næstu fimm til sjö árin vegna hækkaðrar vatnsstöðu. Þar sem engar upplýsingar eru um tegundasamsetningu getur stofnunin ekki tekið rökstudda afstöðu til áhrifa framkvæmdanna á gróður eða einstaka plöntutegundir.

Umhverfisstofnun bendir á að leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætt er á að spillt verði svæðum á náttúruminjasrá sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

  
Ólafur Arnason

Virðingarfyllst,

  
Helgi Jónsson